Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Lokaskýrsla vegna styrks úr Forvarnasjóði Kópvogs

Heiti verkefnis: Útivistaklúbbur Fönix
Markmið verkefnis: Útivist, hreyfing og jákvæð samskipti. Kynna unglingum fyrir frábærum útivistarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu og í kring ásamt því að efla þau í jákvæðum samskiptum sem hluta af fyrsta stigs forvörnum sem félagsmiðstöðvum ber að sinna.
Staða verkefnis: Í fyrsta hitting með hópnum var ákveðið í sameiningu hvað skildi gera. Allir fengu að koma með hugmyndir að einhverri útivist sem hægt væri að gera í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins. Í klúbbnum var farið í folf (frisbí golf), göngu um efri byggð Kópavogs, útieldun og paintball. Aðeins einn hittingur er eftir en við ákváðum að geyma það sem þótti mest spennandi þar til í lokin en við munum heimsækja Hoppland á Akranesi þar sem allir fá tækifæri til þess að hoppa í sjóinn af pöllum.
Hverju hefur verkefnið skilað: Í upphafi var hópurinn, sem samanstóð af drengjum í 10.bekk, ekki að mæta á almennar opnanir í félagsmiðstöðinni. Með tilkomu klúbbsins hafa flestir þeirra mætt á dag- og kvöldopnanir ásamt því að taka þátt í skipulögðu starfi og viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Við náðum okkar markmiðum í að stunda útivist og hreyfingu með því að fá þá með okkur í lið að skipuleggja hittingana og með því að fjölga komu þeirra í félagsmiðstöðina hefur það að auki eflt þátttakendur félagslega og stuðlað að jákvæðum samskiptum innan sem utan hópsins.
Framtíð verkefnis og/eða innleiðing Klúbbur sem þessi gæti verið fastur liður í starfi félagsmiðstöðvarinnar og væri þá hægt að einblína á yngri þátttakendur sem myndu vonandi nýta sér starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í lengri tíma á eftir.
Hvernig uppfyllir verkefnið áherslur sjóðsins: Að bjóða uppá öruggan stað fyrir unglinga til að hittast og efla sig félagslega er fyrsta stigs forvörn sem hefur sýnt sig í gegnum árin að virkar mjög vel. Hreyfing og útivist eflir vellíðan og heilsu sem sjóðurinn leggur mikla áherslu á. Að leyfa hópnum að taka þátt í að skipuleggja og undirbúa hittinga eflir líka sjálfstraust þeirra og gefur þeim tækifæri til þess að hafa bein áhrif á starfið með lýðræðislegum hætti.

Dagsetning: 11. maí 2023

Tinna Heimisdóttir

Styrkþegi

Skjal sótt af '000000000000' dags: 11.11.2026